

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um vegamál.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hver er heildarlengd og hlutfall
 - a. safnvega,
 - b. tengivega,
 - c. landsvega,sundurliðað eftir sveitarfélögum og kjördæmum og hvernig er skiptingin milli vega með varanlegu slitlagi og malarvega?
2. Hver hefur heildarfjárveiting til þessara vegaflokka verið frá árinu 1995, á verðlagi 31. desember 2005?
3. Hversu margar brýr eru í hverju sveitarfélagi og á hvaða áratug voru þær smíðaðar, sundurliðað eftir einbreiðum brúm og tvíbreiðum og lengd miðað við 10 m bil?
4. Hver hefur heildarfjárveiting til vegamála verið sl. 10 ár, á verðlagi 31. desember 2005, skipt eftir mismunandi tekjum Vegagerðarinnar?
5. Hverjar hafa heildarskatttekjur ríkissjóðs verið af umferð og bílannflutningi sl. 10 ár, á verðlagi 31. desember 2005 og hvernig skiptast þær milli tekjuflokka?

Skriflegt svar óskast.